



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir,
aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Akureyri, 20. apríl 2021
MÍ202104-0016/ 6.09 / S.G.

Umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu Höfða á Húsavík

Með tölvupósti sendum 6. apríl óskaði aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu Höfða á Húsavík dagsett í mars 2021. Stefnt er að gerð nýs deiliskipulags fyrir athafnasvæðið A2 að Höfða á Húsavík. Markmið deiliskipulagsins er að endurskilgreina lóðarmörk og skilgreina tvær nýjar lóðir syðst á skipulagssvæðinu.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir Húsavík sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2002) Fornleifaskráning á Húsavík. Fornleifastofnun Íslands, FS166-01171. Fornleifaskráningin uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu en gefur engu að síður góða hugmynd um dreifingu minja. Í kafla 4 í lýsingunni gætir misskilnings varðandi skráðar minjar en þar segir engar fornleifar vera innan svæðisins, en nefnir svo Pálsgarð skráðan minjastað sem er merktur inn á uppdráttinn í lýsingunni. Í fyrrnefndri skrá um fornleifar segir um Pálsgarði á bls. 46-47:

SP-313:102 Pálsgarði gerði kálgarður "Jakob Johnsen var lengi faktor fyrir og eftir miðja 19. öld. Hann var íslenzkur og giftur Hildi, systur sr. Magnúsar á Grenjaðarstöðum. Sonur hans var Páll, mikill framfaramaður...Jarðeplagarð gerði Páll úti á höfðanum, og sér þar enn marka fyrir girðingu."LP "Sunnan í háhöfðanum [Húsavíkurhöfðanum] var Pálsgarður, tún og matjurtagarður. Seinna íþróttavöllur.", segir í örnefnaskrá. Pálsgarði sést enn greinilega suðvestan í Húsavíkurhöfða, ofan við iðnaðarhverfið í höfðanum. Austasti hluti garðsins er 20-30 m vestan við Höfðaveg. Hluti garðsins er horfinn vegna mikilla framkvæmda á svæðinu. Þær leifar garðsins sem sjást eru í grasi grónum brekkum umhverfis iðnaðarhverfið.

Áður en deiliskipulagstillagan kemur inn til umsagnar mun Minjavörður fara á staðinn og mæla upp fornleifarnar innan

reitsins. Í framhaldi af því mun stofnunin leggja mat á hvort grípa þurfi til frekari mótvægisáðgerða.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun